


<p>45. fundur svæðisráðs norðursvæðis 20. mars 2017 (10:00-11:25) símafundur</p>	<p>Fundarritari: Guðmundur Ögmundsson</p>	
<p>Mættir: Óli Halldórsson, formaður Böðvar Pétursson, varaformaður Ásvaldur Ævar Þormóðsson Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður</p>	<p>Fjarverandi: Arnheiður Jóhannsdóttir</p>	<p>Aðrir fundargestir: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri VJP Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri VJP</p>

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt
2. Rekstraráætlun 2017
3. Önnur mál

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt

Fundur var settur og farið yfir dagskrá. Eitt mál var sett undir liðinn *önnur mál* en það varðar virkjun Svartár við Vaðöldu.

2. Rekstraráætlun 2017

Framkvæmdastjóri fór fyrir uppfærða rekstraráætlun fyrir árið 2017, en jafnframt fékk svæðisráð upplýsingar um rekstrartölur síðasta árs sem ekki lágu fyrir á síðasta fundi. Umræða snerist að mestu um þrjú atriði í áætlun þessa árs: 1) laun, 2) ferðir og fundi, og 3) sértekjur. Umræða um sértekjur snerist að mestu um hvernig ætti að afla þeirra og brúa það gap sem er á milli áætlunar 2017 og raun 2016. Í umræðu um ferðir og fundi kom fram að kostnaður þar skýrist nær alfarið af því að undir þann lið er færður kostnaður við þá bílaleigubíla sem nýttir eru til landvörslu sem og kjarasamningsbundnir fæðispeningar til sumarstarfsmanna. Varðandi launin þá gerir rekstraráætlun 2017 ráð fyrir minni launakostnaði en raun varð á 2016. Hærrí raunkostnaður 2016 var að hluta til vegna viðbótarframlags þáverandi ríkisstjórnar til landvörslu. Ekkert slíkt er fast í hendi fyrir þetta ár. Eru svæðisráðsfulltrúar sammála um að ótækt væri að draga úr eftirliti og þjónustu á sama tíma og mikill vöxtur er í ferðaþjónustu og umferð ferðamanna á norðursvæði.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri viku af fundi um 11-leytið en svæðisráð fundaði áfram með þjóðgarðsvörðum. Svæðisráð samþykkti að lokum rekstraráætlun fyrir árið 2017 með þeim fyrirvörum sem birtast í eftirfarandi bókun:

Frá stofnun hefur Vatnajökulsþjóðgarður lagt metnað í að framfylgja opinberri stefnumörkun og verið leiðandi í ýmsum málaflokkum á landsvísu. Verkefni hafa vaxið ár frá ári og á umbrotatímum í ferðaþjónustu hefur þjónustubörf á norðursvæði aukist mjög. Það endurspeglast ekki síst í gestakomum við Dettifoss, þar sem fjölgun utan háannar er langt umfram hlutfallslega aukningu í komum erlendra ferðamanna til landsins. Að sama skapi hefur umferð ferðamanna á hálendinu aukist mikið á jaðartíma og veruleg aukning orðið í gestakomum í Ásbyrgi allt árið. Samhliða þessu hefur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samþykkt heilsársöfnun Gljúfrastofu. Starfsfólki hefur ekki fjölgað í samræmi við aukin verkefni og álag því aukist jafnt og þétt. Svæðisráði er ljóst að ekki er raunhæft að fækka

starfsfólki eða stytta vinnutímabil starfsmanna í tímabundnum störfum; slíkt myndi hafa mjög neikvæð áhrif á starfsemina og þær auðlindir sem þjóðgarðinum ber lögum samkvæmt að vernda. Því leggur svæðisráð norðursvæðis áherslu á að fundnar verði aðrar leiðir til hagræðingar en þær að draga úr kjarnastarfsemi þjóðgarðsins.

Núverandi rekstur og þjónusta á norðursvæði hefur byggt á viðbótarfjármunum til landvörslu umfram það sem áætlunin gerir ráð fyrir. Ljóst er að þörf verður engu minni fyrir árið 2017 en árið á undan. **Svæðisráð samþykkir framlagða rekstraráætlun með fyrirvörum um að tryggt verði fjármagn til vetrarþjónustu við Dettifoss, heilsársopnunar Gljúfrastofu, landvörslu á jaðartímum á hálendi og launakostnaðar við tvo þjóðgarðsverði á norðursvæði án þess að gengið verði á landvörslu annarra rekstrarsvæða. Um leið setur svæðisráð fyrirvara við áætlun um sértekjur og telur óvarlegt að gera ráð fyrir 43% tekjuaukningu á milli ára. Í því samhengi vill svæðisráð ítreka ályktun frá 44. fundi svæðisráðs þess efnis að marka þurfi heildarstefnu Vatnajökulsþjóðgarðs áður en ráðist er í gjaldtöku á einstaka stöðum innan þjóðgarðsins.**

3. Önnur máls

Framkvæmdastjóri greindi frá lögfræðilíti sem unnið var af LEX lögmannsstofu, en hefur ekki verið lagt fyrir svæðisráð. Taka á málið fyrir á fundi stjórnar VJP þann 21. mars 2017 (á morgun). Svæðisráð vill fá tíma til að fara yfir álitid, sem og framkomin gögn frá framkvæmdaraðila. Svæðisráð hyggst taka málið fyrir á næsta fundi ráðsins þann 3. apríl nk.

Fleira ekki gert og fundið slitið 11:30.